

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ferliverk á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

1. *Hve mörg ferliverk voru unnin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi á árunum 1997–2002, sundurliðað eftir árum?*

Ferliverk voru flutt frá Tryggingastofnun ríkisins yfir til sjúkrahúsanna um mitt ár 1998 og eru fyrirbyggjandi upplýsingar miðaðar við árið 1999, sem er fyrsta heila árið sem upplýsingar liggja fyrir um. Þær upplýsingar sem ráðuneytið hefur um ferliverk byggjast á einingafjölda en ekki á komum og eru þessar upplýsingar því gefnar í einingum. Í júní 2001 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um ferliverk á sjúkrahúsum 1999–2000 en þar koma fram skilgreiningar á ferliverkum. Það verður að gera fyrirvara um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram og eru fengnar frá viðkomandi stofnunum og eins úr fyrrgreindri skýrslu Ríkisendurskoðunar. Til dæmis vantar yfirlit yfir heildarumfang ferliverka á LSH í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar frá árinu 2002.

	1999	2000	2001	2002
Sjúkrahús Reykjavíkur	777.549	758.950		
Ríkisspítalar	552.167	469.293		
LSH			1.476.994	
<b>Samtals</b>	<b>1.349.716</b>	<b>1.228.243</b>	<b>1.476.994</b>	<b>0</b>

Á árinu 2000 er skipting á sérgreinar hjá SHR áætluð miðað við skiptingu samningsbundinna ferliverka það ár. Eins lágu ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar frá Ríkisspítölum samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar.

2. *Hvernig skiptast ferliverk eftir sérfræðigreinum?*

Tölur fyrir árið 2000 eru ekki áreiðanlegar bæði hvað varðar skiptingu á sérgreinar og eins heildareiningafjölda. Upplýsingar fyrir síðasta ár liggja ekki fyrir eins og er.

Sérgreinar	1999			2000			2001
	SHR	RSP	Samtals	SHR	RSP	Samtals	LSH
Augnlæknar		311.743	311.743		283.100	283.100	365.735
Barnalæknar	32.897	1.808	34.705				
Bæklunarlæknar	25.586	7.228	32.814				
Blóðmeinalækningar				20.160		20.160	18.202
Geðlæknar							
HNE-læknar	24.838		24.838	18.276		18.276	11.163
Hjartalækningar			0	150.558		150.558	127.897
Krabbameinslæknar	72.210	20.494	92.704	109.834		109.834	83.227

	1999			2000			2001
	SHR	RSP	Samtals	SHR	RSP	Samtals	LSH
Kvensjúkdómalæknar							
Lyf- og							
meltingarfæralæknar	234.144	170.390	404.534	264.837	186.193	451.030	436.070
Lyflæknar aðrir	151.759	59.353	211.112	45.711		45.711	21.356
Lýtalæknar		688	688				
Lýta- og skurðlæknar	45.211		45.211				
Röntgenlæknar			0				315.950
Skurðlæknar		-704	-704	24.926		24.926	28.395
Svæfingarlæknar	73.914	1.284	75.198	20.080		20.080	10.194
Taugalæknar	15.685		15.685				
Þvagfæralæknar	99.501	1.136	100.637	104.567		104.567	47.833
Öldrunarlæknar			0				
Ótilgreint	1.804	-1.253	551				10.972
<b>Samtals</b>	<b>777.549</b>	<b>572.167</b>	<b>1.349.716</b>	<b>758.950</b>	<b>469.293</b>	<b>1.228.243</b>	<b>1.476.994</b>

3. *Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða fyrir skurð- aðgerð á bæklunardeild, fyrir augnaðgerð, fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun? Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1997–2002.*

Hlutdeild sjúklinga í kostnaði vegna göngudeildaraðgerða er samkvæmt reglugerðum eins og þær eru hverju sinni. Á árinu 1997 og fram til 8. apríl 1999 var ekki hámark á kostnaðarhlutdeild sjúklinga. Ekki liggja fyrir aðgengilegur upplýsingar um hver hafi verið hámarksgreiðsla fyrir göngudeildarþjónustu á þessum tímabili. Sjúklingur greiddi göngudeildargjald sem var 1.400 kr. auk 40% af heildarverði. Með reglugerð sem sett var 8. apríl 1999 var sett hámark á kostnaðarþátttöku sjúklings, 5.000 kr. 1. júlí 2001 hækkaði hámarkið í 6.000 kr. og síðan 1. janúar 2002 í 18.000 kr.

Inniliggjandi sjúklingar greiða engan kostnað vegna aðgerða.

4. *Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir? Hafa þær greiðslur verið samræmdar?*

Læknar, sem vinna ferliverk, hafa greitt mismunandi hlutfall af aðgerðarkostnaði sem byggist á þeirri aðstöðu sem spítalinn útvegar. Hæst er kostnaðarhlutdeild, um 60%, vegna hjartaómskoðana en hjá öðrum læknum er kostnaðarhlutdeildin almennt á bilinu 40–45%. Landspítali – háskólasjúkrahús sagði upp ferliverkasamningum á síðasta ári og frá og með 1. mars 2003 féllu greiðslur fyrir ferliverk niður.

5. *Hefur samræmd reglugerð um ferliverk verið sett?*

Reglugerð var sett 9. september 1992 um ferliverk þar sem hugtakið ferliverk er skilgreint og fjallað um hvernig greiðsluþátttöku sjúklinga skuli hátað.